

Samfélag:

- Hvetja foreldra til að sýna gott fordæmi og ganga eða hjóla í skóla, vinnu, verslun o.þ. h. Íbúar hverfisins nota bílinn óspart og kvarta svo undan umferðarþunga.
- Gaman væri að stofna gönguhópa í hverfum og ganga tvisvar í viku
- Gaman væri að hafa samkomu.
- Ekki veitir af meiri eftirliti með unglíngum.
- Sumarhátíð fjölskyldunnar
- Skólinn verði vettvangur fyrir félags- og tómstundastörf hverfisins
- Grillveisla að vori eftir hreinsunarátak
- Forvarnir: Efla á íþróttir í tengslum við skóla. Koma upp foreldravakt af einhverju tagi (eldri borgarar geta notast þar vel)
- Halda góða grillveislu í lok hreinsunardags lundarskóla fyrir allt hverfið
- Hverfahátíð t.d. síðsumars þegar skólar eru að hefjast. Samstarf milli skóla og eldri borgara, tengja kynslóðir.
- Huga skal að reglubundnum gönguferðum um hverfið þar sem fjölskyldur koma saman til að efla einhug í hverfunum.
- Samfélagið einkum barna og unglínga, skal þannig úr garði gert að umhverfi þess leyfi þeim að njóta sín með aukinni áherslu á notkun hjólreiða og göngustíga.
- Gaman væri að sá efnt til einnar herlegrar veislu í hverfinu kannski einnar fyrir Lunda og aðra fyrir Gerðahverfi. Þetta mætti t.d. gera í tengslum við Jónsmessu eða um það leyti það mætti líka efna til gönguferðar hverfisfólks á súlur á laugardagsmorgni og efna síðan til grillveislu síðdegis. T.d. á svæðinu sunnan Norðurmjólkur.
- Öllum börnum gert kleift að sækja íþróttir óháð fjárhag og búsetu.
- Akstur t.d. í bogann og skautahöll frá KA húsi til að minnka umferð
- Bærinn bjóði öllum börum að æfa 1 íþróttagrein án gjalds
- Ferðir í strætó verði ókeypis
- Halda sumarhátíð
- Mynda foreldravakt
- Byggja upp aðstoð fyrir aldraða, börn og aðra til samveru. Vísir að þessu var t.d. í Hrísalundi.
- Mér finnst að allir ættu að virða þær reglur um útvíst barna, sem gilda í bænum.
- Skólar byrji kl. 8.00 aftur
- Lögregla vakti opin hús í skólum – fyrir utan safnast stundum óæskilegir eldri unglíngar/menn
- Hjólabrettamót við háskólapark
- Ekki þrengja að skólanum heldur nýta meira svæði í kringum hann til að gera hann að miðdepli hverfisins.
- Hlúa að gönguleiðum fyrir eldri borgara með bekkjum og lundum.
- Mætti hafa sameiginlega samveru einu sinn á ári – snemmsumars
- Samstarf foreldra um forvarnarmál
- Hverfaveisla eða samkoma í ágústmánuði, þar mætti vera fastur liður í sambandi við forvarnir barna og unglínga
- Opna skóla fyrir íbúa hverfisins eftir að honum lýkur á daginn
- Efla og auka starf félagsmiðstöðva
- Kynna skólann fyrir öldruðum og flétta starf eftir skóla saman með börnum unglíngum og öldruðum. Eflir og styrkir forvarnarstarf skv. Könnun HA
- Auka (stækka) lundarskóla
- Árleg hverfaveisla á grænu svæði þar sem allir íbúar geta hist.

- Vor/sumarhátíðir
- Götuhátíðir
- Hlauphópur/göngu/hjóla – eins og tíðkast í mörgum hverfum í reykjavík
- Huga að gæslu um helgar t.d. foreldravakt á skólasvæðinu og einnig á nýja hjólabrettasvæðinu, sem virðist vera partýsvæði
- Kynningarfundir fyrir foreldra á t.d. fíkniefnum í samstarfi við lögreglu og forvarnarfulltrúa
- Margir aldraðir búa í hverfinu, sameiginlegar gönguferðir, hvatning og aðhald
- Vorveislu með lundarskóla, grillpartý fyrir allt hverfið
- Höldum grænum svæðum fyrir börnin og okkur hin
- Krefjumst þess að við fáum að vita af vandamálum v/neyslu vímuefna svo við getum unnið saman að forvörnum
- Hjólastíg á Dalsbrautarst.
- KA svæði verði grænt svæði
- Fríar skolamáltíðir
- Foreldrasamtök um forvarnir
- Gjaldfrjáls skóli á öllum stigum
- Áfengislaus grillveislu í einstökum götum eða fáum saman
- Þjóða öldruðum fyrrum íbúum í gamla hverfið þegar veisla er haldin á vegum íbúa
- Gönguferðir 1 sinni í mánuði, hámark klukkustund
- Aðgengi aldraðra til og frá víðilundi 22-24 er mjög ábótavant, ekki gangstétt nema að litlu leyti. Þarf t.d. að fara yfir mýrarveg til að komast í kaupang.
- Hvetja lögreglu til hafa eftirlit með þegar uppákomur eru hjá eldri nemendum í skólanum (hugsað sem forvörn gegn sölu fíkniefna á eða við slíkar uppákomur)
- Hafa sem greiðasta og hættuminnsta leið fyrir aldraða t.d. frá víðilundi að hrísalundi.
- Forvarnir í skólum hljóta að vera forgangsverkefni gagnvart vímuefnum
- Lágvörverslun í hverfið
- Hverfahátíð við skólann t.d. einu sinni á ári
- Skóli hefjist kl. 8.00
- Vorfagnaður hverfisnefndar með íbúum
- Forvarnarmál: fræðslufundi fyrir foreldra. Hverfisnefnd gæti verið þrýstihópur forvarnarfulltrúa akureyrarbæjar.
- Hverfisnefnd vinni náið með skóla
- Reglulegar grillveislur t.d. eftir hreinsunardag.
- Stytttri göngutúrar og íbúar fræddir um gersemar og hættur hverfisins
- Forvarnir í nánu samstarfi við skóla
- Skemmtidagur fyrir börn og unglunga í hverfinu
- Hugað verði sérstaklega að umferðaröryggi aldraðra
- Samvinna aldraðra og leik- og grunnskóla hverfanna
- Einhvers konar hátíð, þar sem allar kynslóðir skemmta sér saman. Eldri borgarar gætu kennt og stýrt leikjum
- Aldraði börn og unglingar – meiri samvinnu á milli þessara aðila, því einstaklingar geta hjálpað hvor öðrum í báðar áttir.
- Forvarnarmál: styrkja KA því að íþróttir eru besta forvörnin
- Tengja saman kynslóðir, fáum börn til að fara í búðir fyrir aldraða, spila eða út að ganga með þeim.
- Virkja forvarnarfulltrúa akureyrarbæjar gagnvart forvarnarfulltrúum í skólum ef þeir eru þá til.

- Skipulagðar gönguferðir, börn og aldraðir
- Unglingasamkomur skipulagðar af hverfisnefnd amk. 2 svar á ári
- Það þarf að koma foreldrum í skilning um að vímuefni eru staðreynd í skólum akureyrar. Skipulagðir foreldrafundir 1-2 á önn til að fjalla um þessi mál og hvað er til ráða. Lífsins nauðsyn!
- Ath með Barnið í brennidepli sbr. Síðuhverfi
- Virkja lónið, sbr. Spilavist ofl.
- Skipulagðir fundir með unglingum, fjallað um vímuefni, sjúkdóma og einelti
- Meira reynt að fá börn og ungling í íþróttir og hreyfingu – íþróttakeppnir milli hverfishluta
- Forvarnir, hverfisbúar fylgja eftir reglum um útivist
- Umhverfi lundarskóla og KA verði sem best úr garði gert með tilliti til útivistar og æfinga og alls ekki þrengt að því með gatnagerð og of þéttri byggð
- Götuveislur/hverfisveislur
- Íþróttasvæði er besta forvörnin
- Samskipti/samvinna við skóla og íþróttafélög verði eflað
- Auka framboð íþróttæfinga og tómstundaiðkunar sem forvörn gegn vímuefnum.
- Auka tónlistarnám í lundarskóla
- Vorhátíð við Lundarskóla í tengslum við skólaslit
- Bekki þannig að hægt sé að tylla sér t.d. á grænu svæði – fyrir aldraða.
- Árleg sumargrill við lundarskóla
- Árleg gönguferð sem endaði í veislu(vorhátíð)
- Vorhátíð hverfanna, hreinsunardagur, grill og leikir
- Allir meðvitaðir um umhverfið sitt og gengju betur um
- Forvarnir vegna vímuefnaneyslu
- Öfluga umræðu og kynningu á forvörnum
- Gönguferðir væru gott framtak!
- Veislur efla samkennd íbúa, grill sýning ofl.
- Markvisst verði farið í göngur um hverfið.
- Tryggjum að verslanir í hverfinu selji ekki unglingum tóbak.
- Foreldrar fylgi reglum um útivistartíma og tali saman um hvað börn og unglingar séu að gera.
- Skilgreina betur lóð skólans (girða eða auðkenna)
- Laða að grunnþjónustu í hverfið svo þeir sem erfitt eiga með að fara um geti fengið hana hér innan hverfis.
- Tengja saman betur starf íþróttafélaga og skólavistana/félagsmiðstöðva
- Vorhátíð hverfis í samstarfi við skólann. Reglulegar göngu- og hjólaferðir um hverfið.
- Halda meiri fræðslu og kynningarfundum með þeim sem hafa reynslu og þekkingu á forvarnarmálum. T.d. lögreglu og heilsugæslu og samtök sem hafa verið stofnuð til að vinna að þessum málum.
- Óskað er eftir að hverfisnefnd vinni að því að sett verði á laggirnar félagsmiðstöð fyrir 14-17 ára unglinga. T.d. við KA heimilið eða Lundarskóla.
- Árlega grill og skemmtun
- Virkja unglinga til að heimsækja aldraða og fara kannski í gönguferðir með þeim.
- Gönguferðir með fræðslu er gott mál.
- Ekki skerða aðgengi barna og aldraðra
- Foreldravakt (rölt)
- Æskilegt að skapa meiri tengsl milli eldri borgara og yngri í hverfinu.
- Markvissari forvarnir í vímuefnum

- Halda áfram að virkja unglinga í íþróttum og auka útivist við og tengda íþróttum.
- Ath. Hvort unglingar gætu nýst öldruðum við að fara í sendiferðir (hvað ungur nemur gamall temur)
- Gæta aðgengis að skólum.
- Hverfishátíð
- Fræðslufundur um forvarnarmál
- Skipa forvarnarnefnd þar sem hægt væri að koma á framfæri upplýsingum. Skiptast á skoðunum og safna upplýsingum sem hægt væri að koma áfram til tilheyrandi aðila.
- Kanna hvort hægt væri að koma á laggirnar einhverskonar samverustund fyrir aldraða.

Samgöngur og umferðaröryggi

- Lagning miðhúsabrautar hið snarasta til að draga úr þungaflutningum um Þingvallarstræti, Mýrarveg og Þórunnarstræti
- Hraðahindrun á þingvallastræti nálægt ljósum við Hrísalund
- Meiri löggæslu á þingvallastræti, hef oft lent í því að bílar aka yfir á rauðu við gangbrautarljós.
- Almennt að reyna að setja gangbrautir aðeins frá götunni svo gangandi vegfarendur verði fyrir minni mengun frá útblæstri, hávaða og minni hætta sé að börn gangi út á götuna eða hjóli
- Hámarkshraði nálægt skólum á ekki að vera meiri en 30 km á klukkustund
- Gott væri að minnka hraðann í skógarlundi hann er oft mjög mikill og ábyggilega á fleiri götum, ekki skemmir að fá fleiri gangbrautir.
- Ef eitthvað væri hægt að gera við hálku á veturnum væri það gott.
- Koma skal upp myndavélum til að fylgjast betur með hraðakstri.
- Dalsbraut skal hverfa úr aðalskipulagi
- Lækka skal hámarkshraða nærri skólum og KA svæðinu.
- Koma skal upp gangbrautarvörðum sem víðast í hverfinu
- Fá úttekt á samgöngumannvirkjum m.t.t akandi/hjólandi/gangandi, aksturshraði og takmarkanir
- Hraðahindrun í grenilund
- Minnka hraða á Þingvallastræti með því að setja hringtorg v/Dalsbraut/Þingvallastræti
- Leggja ekki dalsbraut ofan þingvallastrætis – setja þar göngu og hjólastíga
- Setja gönguleiðir undir þingvallastræti (niðurgrafið) það bætir öryggi gangandi vegfarenda
- Að stóragerði verði gerð “aðalgata” þ.e. biðskylda á aðliggjandi götur. Rök: slysaætta á gatnamótum stóragerði-grundargerði.
- Gangbrautarverðir verði áfram notaðir
- Umferðaröryggi við lundarskóla + KA í fyrirrúmi
- Ekki dalsbraut, höfum hagsmuni barnanna okkar í fyrirrúmi.
- Hraðbraut við hlið skóla og íþróttamannvirkja, eldri borgar og fatlaðra getur ekki átt rétt á sér í nútíma þjóðfélagi
- Enga dalsbraut takk!
- Efla gangbrautarvörslu
- Hafa 30 km hámarkshraða þar sem við á
- Legg til að bærinn skilgreini Grenilund sem aðalbraut og sett verði upp

stöðvunarskylda/biðskylda við gatnamót Lerkilundar og Beykilundar, Reynilundar, o.s.frv. Nú gildir þarna hægri regla, það er varúð til hægri og margir hreinlega átt sig ekki á þeirri staðreynd.

- Laga götur og gangstéttir sem skemmast
- Byggja dalsbraut og miðhúsabraut til að minnka álag á t.d. mýrarvegi
- Útbúa hraðahindranir með þrengingum svo bílar verði að hægja á sér
- Einfalda strætó
- Minnka umferð um skógarlund
- Gott væri að losna alfarið við fólksflutningabíla sem standa alltaf í heiðarlundi. Þeir valda hættu t.d. á veturna í snjó þegar börn á leið í skólann þurfa út á götu til að komast fram hjá þeim. Það væri líka gott að minnka hraðann þarna í 30 km.
- Endurskoða götuljósinn á Skógarlundi og Þingvallastræti, rautt í báðar áttir, skapar ringulreið.
- Hringtorg á mótum dalsbrautar og þingvallastrætis.
- Bærinn kosti gangbrautarverði
- Dalsbraut verði ekki lögð
- Kannað verði með undirgöng – gangbraut
- Endurnýja hraðahindrun á skógarlundi
- Gangbrautarvarsla stóefld sérstaklega á skólatíma að morgni og þegar skóla lýkur
- 30 km hraði allsstaðar í íbúðarhverfi. Mest 40.
- Miðhúsabraut verði lögð hið allra fyrsta
- Gangbrautarverðir fastráðnir við skógarlund
- Auka verður öryggi gangandi á Þingvallastræti. Gangbrautarljós alls ekki nóg. Þrengja götu v/hrísalund spennistöð og gangbrautarverði á skólatímum.
- Fjölga 30 km götum
- Hraðahindranir á Þingvallasti/þrengingar
- Mótmæla dalsbraut
- Tryggja öryggi gangandi
- Breikka gangstéttir á t.d. hamragerði kotárgerði og stekkjargerði (götur enn í yfirbreidd)
- Gangstéttir frá víðilundi íbúðum f aldraða þarf að stórbæta!!
- Breikka gangstéttir
- Gangstétt austan megin við grenilund
- Dalsbraut burt
- Miðhúsabraut lögð eins langt frá íbúðabyggð og unnt er með háum aflíðandi hljóðmúr norðan og austan megin.
- Göngubrýr og undirgöng á mestu umferðargötur
- Ein hraðahindrun ekki næg í allar götur
- Umferðarljós á dalsbraut+þingvallastræti
- Akureyrarbær sjái um gangbrautarvörslu við skóla
- 30 km hámarks hraði inni í íbúðahverfum
- Huga að umferðaröryggi skólabarna, þ.e. Gangbrautum og vörslu
- Akureyrarbær kosti gangbrautarvörslu
- Gera við dalsbraut frá þingvallastræti að lundarskóla
- Umferðaröryggi barna í forgang
- Vinnu saman gegn dalsbraut
- Íbúagötur 30 km
- Aðgreindir hjólavegir meðfram tengibrautum
- Gangbrautarverðir á tengibrautir við skóla
- Hækka hraðahindranir innan íbúðahverfa

- Undirgöng við Þingvallastræti KA heimili
- Kenna akureyringum að aka á 30 km hraða
- Tengibrautir fyrir utan íbúða og skólahverfi
- 30 km hraða í akurgerði ekki virtur og þarf meira eftirlit
- 30 km hámarkshraða í allar íbúðargötur og hraðahindranir og / eða þrengingar sem víðast, einnig við lundarskóla og íþróttasvæði KA
- Auka gangbrautarvörslu t.d. við ofanverðan skógarlund v/ eikarlund og furulund.
- Lækka hraðann í hverfum
- Dalsbrautin verði grænt svæði
- Lækka hraða í skógarlundi í 30 km
- Setja fleiri gangbrautarverði við skógarlund
- Aukin gangbrautarvarsla við Skógarlund og Mýrarveg e.t.v.
- Hraðahindrun í skógarlund á gangbraut hjá nunnunum.
- Lækka hámarkshraða í skógarlundi í 30 km
- Gangbrautarverðir þurfa að vera í upphafi og lok skóladags.
- Gangbrautarverði í skógarlund
- Minnka hraða við gönguleiðir barna til og frá skóla
- Gangbraut yfir skógarlund v/hrísalund
- Gangbrautarvörð/ljós v/Skógarlund vestanverðan v/Tjarnarlund og/eða Hrísalund
- Einfalda þingvallastræti
- Enga dalsbraut
- Skoða hámarkshraða í skógarlundi
- Skógarlundur 30 km gata
- Hraðahindranir í grundargerði
- Aðreinar úr skógarlundi inn á mýrarveg
- Dalsbraut framhjá Lundarskóla verði ekki fyrir bíla heldur nýtt fyrir göngu og hjólastíga til Naustahverfis/Kjarnaskógar.
- Umferðarljós á gatnamót dalsbrautar og þingvallastrætis
- Miðhúsabraut sem fyrst
- Göngubrú eða undirgöng undir þingvallastræti við Hrísalund
- Efri gerðin verði 30 km hverfi
- Beita sér fyrir tíðari strætóferðum í og úr hverfinu
- Engin framlenging á dalsbrautina
- Draga úr umferðarhraða á þingvallastræti
- Dalsbraut verði aldrei lögð, hún þrengir að barnvænni starfsemi s.s. skóla, starfi heils íþróttafélags og útivistarsvæði fyrir aldraða
- Akurgerði verði gerð að einstefnugötu mið að ekið sé inn að vestanverðu
- Koma í veg fyrir lagningu dalsbrautar
- Auka sýnileika lögreglu á annatíma þegar skóli er starfandi í skógarlundi
- 30 km hámarkshraða og hraðahindrun á grenilund og heiðarlund.
- Minnka hámarkshraða í skógarlundi og þingvallastræti
- Berjast gegn lagningu dalsbrautar
- Umferðarljós á gatnamótum þingvallastrætis og dalsbrautar
- Nauðsynlegt að gangbrautarvarsla sé við skógarlund
- Fleiri hraðahindranir í skógarlund
- Ekki auka á umferðarhættu með lagningu tengibrautar í gegnum KA svæðið og í suður til naustahverfis
- Hraðahindrun inn í skógarlund
- Gangbrautarljós vantar við allar gangbrautir við skógarlund
- Umferðarljós vantar við enda dalsbrautar og þingvallastrætis

- Grunnskólar þurfa að hefja kennslu kl. 8.00 á morgnana og framhaldsskólar ögn síðar – óvanari öikumenn eru þá ekki á ferðinni á sama tíma og óvanir gangandi vegfarendur.
- Ekki lengri dalsbraut
- Fjölga gangbrautarvörðum við skógarlund
- Undirgöng undir þingvallastræti
- Gera keyrandi aðgengi að Flúðum og Pálmholti
- Ekki meira af dalsbraut
- Undirgöng undir skógarlund og þingvallastræti
- Bæta gatnamót dalsbrautar og þingvallastrætis t.d. aðrein inn á þingvallastræti.
- Hvernig á að fá bílstjóra til að virða 30 km hraða takmörkin
- Lækkun hámarkshraða í þingvallastræti amk. Kl. 24-6 að nóttu.
- Hraðahindrun í grenilund, jafnvel tvær. Grenilund sem aðalbraut, flestir vita ekki að það er biðskylda gagnvart götum sem ganga að honum að vestan þ.e. beykilundur og lerkilundur.
- Alls ekki Dalsbraut. Börnin okkar eru dýrmætari en allt.
- Hraðahindrun í Grenilund eða 30 km hámarkshraða
- Gangbraut á horn Grenilundar og Skógarlundar.
- Ekki framlengja Dalsbraut.
- Fá ljós helst á allar gangbrautir
- Fá ljós á helstu gatnamót
- 30 km hámarkshraða í hverfinu sjálf
- Allar hugmyndir um lagningu Dalsbrautar verði settar á bið
- Fá undirgöng fyrir gangandi og hjólandi í Þórunnarstræti.
- Gangbraut á Grenilund v/Skógarlund
- Hraðahindranir á Grenilund og 30 km hverfi sunnan skógarlundar.
- Aldrei Dalsbraut
- Koma í veg fyrir akstur á gangbrautum, þ.e.a.s. við Tjarnarlund, við KA völinn að vestan verðu. Gangstígur N-S frá Hrísalundi suður að Tjarnarlundi er oft notaður af ökutækjum.

Skipulagsmál

- Betra viðhald á leikvöllum – oft eru leiktæki úr sér gengin og skapa því slyshættu. Það þarf líka að auka eftirlit með hreinsun leikvalla t.d. fjarlægja glerbrot
- Hjólreiðastíg frá lundarskóla að kjarnaskógi
- Væri ekki hægt að hafa lokaðan leikvöll við hjallalund eins og var.
- Fjölga þarf grænum svæðum.
- Göngu og hjólastíga skal leggja í samræmi við bókun bæjarráðs í júní 2005
- Dalsbraut skal hverfa úr aðalskipulagi
- Koma skal upp sparkvelli með gervigrasi við Lundarskóla
- Gera tillögur að úrbótum opinna svæða
- Skipulögð græn svæði með göngu og hjólastígum við enda gerðahverfis og háskólans að glerá/pálmholti
- Moka oftar snjó af gangstéttum v/aldræðra og barna
- Undirgöng fyrir gangandi undir skógarlund, þingvallastræti og miðhúsabraut þegar hún kemur
- Dalsbrautin í stökk frá þingvallastræti að skógarlund

- Græn svæði: Laga leiksvæði (fótboltavöll) v/Dalsgerði – þökuleggja malarvöllinn
- Skýr mörk á hjólastígum
- Halda núverandi grænum svæðum
- Hjólastíga: Það sem vantar klárlega hjólastíga yfir Dalsbrautareyðuna sem tengir saman Grenilund og hverfið. Ath austan við.
- Undirgöng þingvallastræði við KA svæðið og lundarskóla.
- Úrbætur í öryggismálum á skógarlundi, 30 km nema á gangbrautum og safngötum.
- Lagagötur og gangstéttir s.s. sig holur og slíkt
- Gera hraðahindranir þannig úr garði að menn þurfi að hægja á sér í 30 km.
- Sparkvelli inn í hverfunum
- Útbúa dalsbraut í suður með 30 km hraða
- Útbúa hjólastíga og merkja sem slíka
- Fjölga bekkjum
- Hjólastíga í hverfið og græn svæði
- Tengja umferð í kringum hverfið
- Laga opin ræs sunnan við hverfið / grenilund
- Græn svæði við lundarskóla, stígar þar verði malbikaðir og haldið betur við, rusladallar á þeirri leið vantar alveg, eins á leið frá BogB til VMA.
- Leikvöll i grundargerði 6 má malbika og setja mottur undir leiktækin.
- Ath holræsalagnir í Gerðahverfi
- Merkta hjólastíga
- Gæsluvöll
- Tengja hjóla-göngustíga frá brúnni við glerá við stóragarði. Þannig fengist leið frá þorpi inn á stigana sem liggja frá Dalsbraut og áfram austur. Þessi leið lægi t.d. ofan/norðan við pálmholt.
- Umferðarljós á gatnamót dalsbrautar og þingvallastrætis
- Hjólastígur í stæði fyrirhugaðrar Dalsbrautar og tengja þannig hverfið við Naustahverfi og þaðan suður í Kjarnaskóg
- Hjólastíg og leiksvæði á fyrri dalsbrautarstæði
- Vinna í því að halda núverandi grænum svæðum innan hverfis án byggðar húsa
- Hirðing gangstétta að vetri sem sumri verði bætt – snjór – tré.
- Hjóla- og göngustígar í hverfinu, sérstaklega dalsbrautarstæðið
- Nýta þá ræmu sem grænt svæði fyrir bekki og leiktæki til sameiginlegrar útiveru fyrir íbúa
- Upplýsingar um nýtingu á leiksvæðum kringum skóla og leikskóla
- Hjóla og göngustígur ásamt grænum svæðum með trjárækt á svæði, hugsanlega Dalsbrautarsvæðið.
- Skoða hvað má gera á skikanum efst við hjallalund
- Tengja betur lundagerða hverfi við naustahverfi – jafnvel alla leið í kjarna
- Hjólastíga um allt hverfið
- Fleiri græn svæði í kringum íbúðablokkir fyrir aldraða og lundarskóla
- Fleiri bekki fyrir gamla fólkið
- Bæta leiksvæði við lundarskóla
- Halda áfram með dalsbraut
- Vegstæðið f. Dalsbraut sem grænt svæði, leikvelli eða sparkvelli
- Svæðið norðan miðhúsabrautar aðskilið frá brautinni með háum hljóðmúr og hann aflíðandi að grænu svæði að Eikarlundi.
- Hraðahindrun á götuna grenilund á 2-3 stöðum.
- Hjólastíg á stæði dalsbrautar – gjarnan í kjarna

- Fleiri leiksvæði fyrir ofan lerki/beyki/grenilund
- Gera svæðið þar sem áætluð dalsbraut er að góðu útivistarsvæði. Hjólastíg – gróður bekkir – svæði fyrir börn.
- Hjólastígur og göngustígur að naustaborgum frá skógarlundi
- Leiksvæði á dalsbrautarstæði
- Huga að leiktækjum
- Mörk á græn svæði og hjólreiðastíga þar sem við á
- Græn svæði aðgengileg fyrir alla
- Leikvöllur hefur verið á skipulagi við hindarlund/hörpulund. Ekkert gerst
- Gæsluvöll í hverfið á sumrin
- Halda leikvöllum vel við
- Fjölga hjólastígum og bæta við á meginakbrautum, mála hjólasvæði á götur
- Aldrei dalsbraut í hverfið
- Fjölga hjólastígum og tengja saman
- Skólagarða í hverfið, fyrir börn og aldraða
- Hjólastígur og göngustígur í stæði dalsbrautar
- Smíðavöll í hverfið
- Setja hjólastíg og göngustíg á göngustæði dalsbrautar
- Endurnýja leiktæki á leikvelli milli hjallalundar/tjarnarlundar og skógarlundar
- Halda grænu svæði v/mýrarveg neðan við kotárgerði norðan kaupangs
- Hlutast til að fylgjast með að leikföng séu í toppstandi
- Hjóla- og göngustígur í dalsbrautarpláss.
- Leiksvæði/fótboltavelli á dalsbrautarpláss
- Leiksvæði f ofan furulund
- Vantar rusladalla við gangstéttir og stíga
- Ástand gangstétta er víða slæmt
- Gangbraut yfir skógarlund v/hrísalund
- Endurnýja og yfirfara leikvöll við hjallalund.
- Laga leikvöllinn við dalsgerði
- Búa til útivistarsvæði við klettana vestan við furulund
- Laga dalsbraut sunnan þingvallastrætis
- Halda grænu svæði austan heiðarlundar
- Byggja göngubrú yfir þingvallastræti á tveim stöðum, á mótsvið gömlu spennistöðina og við Úrval
- Skipuleggja græn svæði þar sem dalsbrautin er fyrirhuguð. Þar verði hjólastígur og fótboltavöllur (eða vellir – 2 sitt hvoru megin við skógarlund).
- Græn svæði eru afskaplega fá innan hverfisins og því má ekki við því að missa dalsbrautarsvæðið undir blikkbeljuna.
- Fótboltavellir eru örfáir utan KA svæðis, þeim þyrfti að fjölga
- Hjólreiða- og skokkstígar t.d. þar sem dalsbraut er sett á skipulag.
- Berjast gegn dalsbraut
- Byggja upp betri leikaðstöðu við jólasveinabrekku
- Hjólastígur of fáir og lítið fyrir þá gert.
- Bæta leikvelli í gerðahverfi, þá vantar nánast.
- Viðhalda sparkvöllum á svæðinu þannig að þeir séu boðlegir
- Bæta við sparkvöllum t.d. við lundarskóla
- Hjólastígur í stað dalsbrautar
- Göngubrú á mýrarveg nálægt skógarlundi
- Koma í veg fyrir lagningu Dalsbrautar
- Hjólastígur í gegnum allt dalsbrautartúnið

- Grænt svæði á dalsbrautartún
- Leikvöll á dalsbrautartún fyrir breiðan aldurshóp
- Setja gróður á dalsbrautartún
- Snyrta svæði kringum lundarskóla
- Halda svæðinu kring um lundarskóla grænu. Ekki auka umferðarhætti með lagningu tengibrautar.
- Passa að lok á ræsum séu í lagi
- Leikvelli þarf að hirða vel og gæta þess að þeir grotni ekki niður – ekki tel ég að vanti fleiri.
- Hjólastíga vantar í hverfinu og nauðsynlegt finnst mér að gera einn langan og góðan um það svæði sem ég vil ekki sjá dalsbraut
- Græn svæði eiga að halda sér í hverfinu sem mest ósnert.
- Hjólastíg í stæði dalsbrautar
- Fleiri hjólastíga t.d. í kringum lundarskóla og fleiri á þingvallastræti og skógarlund
- Betri hjólastíga milli gerða- og lundahverfis og tengingu áfram niður á brekku.
- Nota svæði fyrirhugaðrar dalsbrautar sem gott leik- og útivistarsvæði með hjólastígum. Tenging við kjarnaskóg
- Þrenging á skógarlund við heiðarlund
- Að gerður verði sparkvöllur við lundarskóla
- Að gerðar verði upphitaðar hjóla- og göngustígar frá lunda og gerðahverfi samhliða Dalsbraut sem komin er og einungis svona stíga þar sem dalsbrautin átti að vera. Þessir stígar þurfa að ná suður Glerárgötu.
- Hjólastíg frá Krossanesborgum að kjarnaskóg.
- Bæta leikvöllinn við Skógarlund
- Halda græna svæðinu sunnan Bjarkalundar og Grenilundar og einnig austan Grenilundar. Og gera þar göngustíga
- Græn svæði og göngustíga
- Gangbrautir betur merktar og meira áberandi
- Gangbrautarvörðum fjölgað og notaðir sérstaklega á skólatíma
- Lögregla verði miklu sýnilegri
- Græn svæði gjarnan með mörkum gangstíga
- Hjóla- og göngustíga þar sem Dalsbraut er/var fyrirhuguð
- Hraðahindrun ætti að vera sjálfsögð í Heiðarlundi.
- Sandbera meira í kringum skólann á veturna, hér verður oft lífshættulega hált.

Umhverfi og umgengni

- Nauðsynlegt að mínu mati að halda hreinsunardag 2. janúar til að hreinsa upp eftir flugelda. Hverfið er eins og ruslahaugur eftir hver áramót og eru leikvöllir vinsæll staður til að skjóta upp eldflaugum en enginn virðist líta svo á að hann eigi að hreinsa upp eftir sig.
- Gefa íbúum kost á því að láta tæma rusl aðra hverja viku og spara þannig sorpgjald.
- Gróðursetja meira meðfram hjólreiða og göngustígum til að fá skjól
- Að allir hætti að henda rusli á víðavangi
- Nauðsynlegt er að hirða sorp oft frá heimilum en nú er gert
- Fjölga má þeim dögum þar sem starfsmenn hreinsa stærri gróður/þess háttar úrgang frá heimilum.

- Æskilegt væri að fá sparkvöll inn í hverfið.
- Skoða vilja til flokkunar á sorpi
- Átak í flokkun heimilissorps t.d. með kennslu og síðan í almennu átaki
- Sorpmóttaka á Rangárvöllum: opnunartími lengdur lítillega.
- Gróður (runnar) á gatnamótum verði “krítiseraðir” og minnkaðir ef þörf krefur
- Aspir sem eru farnar að skemma gangstéttir verði fjarlægðar
- Vera með markvissa flokkun á sorpi og það góða að við verðum fyrirmynd bæjarins.
- Hafa ávallt græn svæði hrein
- Allir fara út og hreinsa í kringum sig – ekki bara lóð
- Gera leikvelli meira aðlaðandi
- Vinna markvisst að samfelldum hjólastígum
- Láta ekki ganga á þau grænu svæði sem fyrir eru
- Flokkun sorps verði gerð skylda og íbúum skaffað t.d. viðeigandi sorpílát.
- Oftar boðið upp á hreinsanir á garðaúrgangi
- Rusldallar settir upp víðar
- Aspir í görðum bannaðar
- Setja upp listaverk – stytur – gosbrunnar
- Hreinsunardaga í hverfið vor og haust
- Þau grænu svæði í lundarhverfi eru illa hirt af hálfu bæjarins. Beita okkur í því að bærinn taki til hendinni og vinni þetta vel.
- Fleiri rusladall við gönguleiðir
- Lengri tíma í vorhreinsun t.d. 2 daga í hverju hverfi m/vikubili.
- Lóðaeigendur klippi tré sem skaga út á gangstéttir.
- Planta fleiri trjám í kanta grænu svæðanna
- Sópa örar götur að vori og vakta glerbrot, flöskur ofl. Á götum.
- Athuga með flokkun á rusli t.d. fyrir hverja götu eða lítil svæði
- Sópa götur og stíga
- Stígar á dalsbrautarsvæðinu – tenging við bæinn.
- Flokkun á sorpi
- Hreinsa miklu betur skógarreit fyrir ofan lundarskóla
- Þarf að slá oftur þau svæði sem nýtt eru fyrir fótbolta og leiki. T.d. fyrir ofan espilund og suður af skógarlundi og fyrir ofan furulund.
- Hreinsunarátak á hverju vori í hverfinu
- Gróðursetja tré til að hylja möl og sand
- Gróðursetja tré við leikskólann Flúðir og í kringum lóðina til að loka leikskólann frá umferðinni.
- Ganga frá moldarflagi norðan við ný raðhús í Furulundi.
- Meiri gróður á lundarskólasvæðið.
- Áður en farið er að flokka rusl í heimahúsum þarf Akfær að huga að sorpmálum í heild sinni. Sorphaugar bæjarins eru til skammar.
- Lengja opnunartíma gámaþjónustu
- Gróðurreitir á græn svæði
- Lengri frest til að losa sig við garðaúrgang
- Hreinsunardagur
- Hreinsunardagá vorin
- Fegra snyrta gróður og græn svæði
- Ganga betur um moldarbarð meðfram golfvallarvegi
- Lundarskóli með hreinsunardag að vori – hreinsum með þeim!
- Meiri sorpflokkun, jarðgerð úrgangs frá görðum

- Fleiri dagar þar sem bærinn hirðir sorp og garðaúrgang t.d. 1-2 í mánuði. Hverfin verða fallegri.
- Mála spennistöðina reglulega
- Lengja opnunartíma gámostöðvar, t.d. fyrir hádegi
- Umhverfi í kring um mig er allt í drasli, fólk hendir ótrúlegu dóti út um allt. Það mætti alveg fá fólk í hverfinu til að hreinsa til
- Hreinsa til á leikvöllum
- Huga að umhirðu opnum svæðum t.d. trjágróðri og trjábeðum við Lundarskóla og svæði frá Víðilundi og suður með Einilundi/Espilundi
- Huga að fleiri svæðum sem hægt væri að setja skjólbelti
- Vernda og skipuleggja grænt svæði hjá jólasveinabrekku
- Æfingatími íþróttafélaganna verði innan vinnutíma (þ.e. fyrir kl. 16.00) hjá yngstu iðkendum.
- Leikjadagar einu sinni í mánuði
- Að hreinsað sé úr niðurföllum svo þau virki
- Fjölga hjólastígum og sjá um að þeir séu ætíð greiðfærir sumar og vetur
- Fjölga grænum svæðum og halda við
- Eru hjólastígar jafnt fyrir gangandi og hjólandi?
- Bjóða upp á tunnur fyrir pappír og fernur, jafnvel þó að það kosti töluvert af fjármunum
- Fjölga gróðurúrgangsgámum um hverfið á vorin
- Koma í veg fyrir lagningu dalsbrautar
- Leikvelli og leiktæki á öll græn svæði
- Skólalóðin á lundarskóla er yfirleitt mjög snyrtileg
- 30 km hámarkshraða í grenilund og heiðarlund
- Dalsbraut víki – aðalbaráttumál
- Koma upp fallegum gróðri á reitum og opnum svæðum
- Halda hreinsunardag að vori og etv. Grill á eftir
- Nokkuð er um að rusl er á óbyggðum svæðum t.d. milli kotárgerðis og mýrarvegjar og það þarf að laga.
- Ég vil ekki þéttari byggð í hverfinu.
- Snjómokstur á gangbrautir að skóla – á morgnana
- 30 km hámarkshraði við Heiðarlund
- Stígurinn meðfram skólanum er oft mjög sóðalegur
- Meiri stéttir og umhirða í kringum gróður á almennum svæðum (bærinn)
- Betri snjómokstur sérstaklega á gangstéttum.
- Hvetja til snyrtingar á gróðri sem nær út fyrir lóðamörk.
- Hafa almennan hreinsunardag líka seinna á sumri – ekki bara á vorin.
- Að auka fræðslu í lundarskóla og nánasta umhverfi og hafa hreinsunardag á 2ja vikna fresti.
- Flokkun á sorpi
- Gera átak svipað og “hreint land fagurt land”.
- Setja ruslakassa á ljósastaura svo maður geti losað sig við rusl sem maður sér oft á göngu sinni. Það mættu vera fleiri bekkir sem hægt er að setjast á.
- Laga gras meðfram gangstéttum
- Hreinsa betur illgresi í stórum beðum
- Reka á eftir frágangi lóða (dæmi um 30 ára slóðaskap)
- Valin verði hverfi til flokkunar á sorpi
- Hætt verði að troða nýjum húsum á leik- og græn svæði.
- Sláttur og umhirða verði bætt

- Hverfisnefnd haldi hreinsunardaga og endað með grillveislu hverfa.
- Hreinsunaráttak íbúa sjálfra.
- Frágangur óbyggðra svæða
- Flokkunargáma nær blokkum T.d. Tjarnarlund og stóru blokkirnar.
- Íbúar koma saman í sumarbyrjun og hreinsuðu hverfið af rusli, síðan mætti hugsa sér að koma saman og grilla og skemmta sér í lok dags hér við Lundarskóla.
- Taka runnana hér í kringum skólann rækilega í gegn.